

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 440 15. september 1988 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1989–1990, sbr. breytingu með reglugerð nr. 528/1988.**

1. gr.

Í stað 1.–4. mgr. 5. gr. komi ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:

Nú selur framleiðandi líflömb til aðila sem gert hefur samning um fjárskipti við sauðfjársjúkdómanefnd og skal þá Framleiðsluráð landbúnaðarins meta líflömbin til jafngildis fullvirðisréttar og draga frá fullvirðisrétti seljandans sem honum er reiknaður samkvæmt reglugerð þessari. Fullvirðisréttur sem til frádráttar kemur skal fundinn þannig að þungi líflamba skal margfaldaður með stuðlinum 0,38. Heimilt er að nýta allt að helmingi þess fullvirðisréttar sem einstökum svæðum skapast sameiginlega vegna þessa á eftirfarandi hátt: Viðkomandi svæði fær til ráðstöfunar sem nemur allt að 1,5% af fullvirðisrétti svæðisins og skal honum ráðstafað samkvæmt 1.–4. tl. 4. gr. enda leiði sú ráðstöfun ekki til þess að framleiðendur fái greitt fyrir ónotaðan fullvirðisrétt. Eftirstöðvar sem verða kunna, komi til að mæta fullvirðisrétti skv. 4. mgr. 2. gr. rg. nr. 157/1987.

2. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. bætist, nýr málslíður, svohljóðandi:

Á svæðum þar sem fóðuröflun verður verulega undir meðallagi vegna óhagstæðs árferðis er þó heimilt að nýta allt að 12%, enda liggja fyrir meðmæli Búnaðarfélags Íslands og samþykki Framkvæmdanefndar búvörusamninga.

3. gr.

Á eftir 1. mgr. 7. gr., sbr. 1. gr. rg. nr. 528/1988, komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnu samþykki viðkomandi búnaðarsambands, að staðfesta samninga milli framleiðenda um ráðstöfun fullvirðisréttar sem gerðir höfðu verið við gildistöku reglugerðar nr. 528/1988 en höfðu ekki hlotið staðfestingu viðkomandi búnaðarsambands. Þá er landbúnaðarráðherra heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti ríkisjarða að fengnum meðmælum viðkomandi búnaðarsambands.

4. gr.

1. og 2. tl., 1. mgr. 8. gr. orðist svo:

1. Framleiðandi á lögbyli getur tekið 10 ærgildisafurðir alls af ófrystu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu eða allt að 60 kg. fyrir hvern heimilismann sem hafði þar lögheimili 1. desember 1988 skv. þjóðskrá.
2. Framleiðandi utan lögbylis, með eða án fullvirðisréttar, getur tekið allt að 10 ærgildisafurðir af eigin framleiðslu úr afurðastöð, þó aldrei fleiri ærgildisafurðir en nemur fjölda framtalinna kinda á síðustu forðagæsluskýrslu.

5. gr.

Úr 3. mgr. 8. gr. falli brott orðin „– EKKI VERSLUNARVARA . . . . .“

## 6. gr.

9. gr. orðist svo:

Við ábúendaskipti á lögbýlum skal fráfarandi bóndi fá fullviðrisrétt lögbýlisins til ráðstöfunar á því verðlagsári sem hefst haustið eftir að ábúendaskiptin fara fram, nema um annað sé sérstaklega samið milli aðila, eða viðtakandi hafi yfirtekið bústofn og afurðir við ábúendaskiptin.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. ágúst 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

\_\_\_\_\_  
Jón Höskuldsson.

Nr. 413

**REIKNINGUR**

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og  
frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1988.**

**Rekstrarreikningur fyrir árið 1988.**

## TEKJUR

Vextir af bankainnstæðum . . . . .	kr.	4 945,99
		<hr/>
		4 945,99

## GJÖLD

Tekjur umfram gjöld . . . . .	kr.	4 945,99
		<hr/>
		4 945,99

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1988.**

## EIGNIR

Bankainnstæður . . . . .	kr.	29 603,43
		<hr/>
		29 603,43

## SKULDIR

**Höfuðstólsreikningur:**

Hrein eign pr. 1. janúar 1988 . . . . .	kr.	24 657,44	
Hreinar tekjur árið 1988 . . . . .	kr.	4 945,99	kr. 29 603,43
			<hr/>
			29 603,43

*Samgönguráðuneytið, 18. ágúst 1989.*

**Halldór S. Kristjánsson.**